

Alþingi
Erindi nr. P 132/1102
komudagur 1.3.2006



Alþingi Íslendinga
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804
netfang: postur@fel.stjr.is
www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 27. febrúar 2006
Tilv.: FEL06020013/0004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samráðsskyldu stjórnvalda við samtök fatlaðra (Þskj. 454 – 385. mál).

Með bréfi Allsherjarnefndar, dags. 6. febrúar sl., var þess óskað að félagsmálaráðuneytið veitti umsögn um fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar um samráðsskyldu stjórnvalda við samtök fatlaðra (Þskj. 454 – 385. mál). Í tillögunni felst að Alþingi álykti að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að móta tillögur um það hvernig samráð stjórnvalda við samtök fatlaðra verði gert skylt og eftir atvikum bundið í lög. Markmiðið verði að við undirbúning allrar löggjafar, setningu reglugerða og stjórnarframkvæmdir sem sérstaklega snerta fatlaða eða hafa áhrif á aðstæður þeirra í samfélaginu verði skylt að hafa samráð við þá.

Félagsmálaráðuneytið tekur undir það almenna sjónarmið að samráð og samvinna milli stjórnvalda og samtök fatlaðra sé nauðsynleg. Jafnframt vill ráðuneytið benda á það samráðsferli sem þegar er í gildi.

1. Lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992

- Í 1. gr. laganna kemur fram að við framkvæmd á markmiðum laganna skal tryggja heildarsamtökum fatlaðra og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðra.
- Í 4. gr. laganna kemur fram að sérstök nefnd skal vera félagsmálaráðuneyti til ráðgjafar um málefni fatlaðra. Nefnist hún stjórnarnefnd um málefni fatlaðra. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar. Öryrkjabandalag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa hver.
- Í 6. gr. laganna kemur fram að á hverju starfssvæði skal starfa svæðisráð í málefnum fatlaðra. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið skulu tilnefna sinn fulltrúann hvor og svæðisbundin samtök sveitarfélaga þrjá og skal einn þeirra vera félagsmálastjóri á svæðinu.
- Í 38. gr. laganna kemur fram að stjórnarnefnd skv. 4. gr. skuli annast stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Stjórn sjóðsins gerir tillögur til ráðherra um úthlutun vegna verkefna tengdum málefnum fatlaðra. Í stjórninni eru fulltrúar Öryrkjabandalags Íslands og Landsamtaka Þroskahjálpar.
- Í þessum tilvikum er um lögákveðna samráðsskyldu að ræða er varðar sérstaklega málefni fatlaðra.

2. Ráðgjafarhópur vegna búsetumála geðfatlaðra

- Í samvinnu félagsmálaráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er hafin uppbygging búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða. Gert er ráð fyrir kaupum eða byggingu á

húsnæði og uppbyggingu dagvistunar eða endurhæfingarúrræða fyrir geðfatlaða um land allt. Auk uppbyggingu á stoðþjónustu t.d. atvinnu, hæfingu, starfsendurhæfingu eða annarri dagþjónustu fyrir geðfatlað fólk ásamt því að draga úr biðtíma eftir þjónustuúrræðum fyrir geðfatlað fólk utan hefðbundinna geðheilbrigðisstofnana.

- Skipaður hefur verið sérstakur ráðgjafarhópur en þar eiga sæti fulltrúar hagsmunasamtaka. Í hópinn hafa m.a. verið skipaðir fulltrúar Geðhjálpar, aðstandendahóps Geðhjálpar, Geðverndarfélag Íslands og Hugarafls. Ráðgjafarhópnum er ætlað að vera starfandi verkefnisstjórn og framkvæmdahópi til ráðgjafar varðandi verkefnið ásamt því að annast tengsl og samráð við samtök notenda og aðstandenda.

3. Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla

- Á Alþingi var samþykkt í mars 2003 þingsályktun um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla. Í ályktuninni kemur fram að skipaður sé starfshópur með fulltrúum ráðuneyta félagsmála, menntamála, umhverfismála, heilbrigðis- og tryggingamála, dómsmála, samgöngumála og fjármála og fulltrúum frá hagsmunasamtökum fatlaðra til að semja framkvæmdaáætlun sem hefur að markmiði að tryggja aðgengi fyrir alla með hliðsjón af meginreglum Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðra. Starfshópnum var einnig gert að gera kostnaðaráætlun um verkefnið.

- Í kjölfarið var starfshópur skipaður vegna verkefnisins og hóf hann störf í september 2003. Í starfshópnum eru fulltrúar ráðuneytanna sjö auk fulltrúa frá hagsmunasamtökum fatlaðra, þar sem Öryrkjabandalag Íslands eiga þrjá fulltrúa og Landssamtökin Þroskahjálpar einn fulltrúa. Starfshópurinn hefur haldið fjölmarga fundi auk þess sem undirhópar hans hafa haldið tugi funda.

- Starfshópurinn hefur unnið að drögum að framkvæmdaáætlun um hvernig skuli staðið að úrbótum í aðgengismálum. Framkvæmdum eru sett tímamörk og kostnaður skilgreindur auk þess hver beri ábyrgð á þeim kostnaði. Þegar hugað er að aðgengismálum er raunin oft sú að eingöngu er hugsað fyrir ytra aðgengi, þ.e. aðgengi fyrir hreyfihamlaða, en vert er að leggja áherslu á það að aðgengi felur í sér mun viðtækari skírskotun en svo. Til að tryggja aðgengi fyrir alla þarf m.a. að huga að aðgengismálum sjónskertra og blindra, heyrnarlausra og heyrnarskertra auk einstaklinga með þroskafrávik.

4. Hugmyndir að stefnumótun og endurskoðun á skipan þjónustu í málefnum fatlaðra barna og fullorðinna.

- Unnið hefur verið að stefnumótun og endurskoðun á skipan þjónustu í málefnum fatlaðra barna og fullorðinna á vegum félagsmálaráðuneytisins frá september 2004. Komið var á fót sex starfshópum sem í sat fjölbreyttur hópur fólks með reynslu og þekkingu á þjónustu við fatlað fólk frá ólíkum sjónarhornum. Leitað var til 1) *notenda þjónustunnar*, 2) *aðstandenda* þeirra sem hennar njóta og 3) *starfsmanna* sem veita hana. Í hópnum voru um 30 manns en að minnsta kosti á annað hundrað manns tóku þátt í starfinu með því að þátttakendur höfðu samráð við samstarfsfólk sitt og hagsmunaaðila sem þeir voru fulltrúar fyrir.

- Þátttakendur hafa lagt fram mikla vinnu við þessa stefnumótun og endurskoðun á skipan þjónustu í málefnum fatlaðra. Fyrirliggjandi eru nú ítarleg drög að slíkri stefnumótun fyrir árin 2006-2015. Enn er þó talsverð vinna eftir við framsetningu efnisins og enn fremur er samráði og starfi við nánari útfærslu ekki lokið.


5. Beint samráð við hagsmunasamtök fatlaðra

Félagsmálaráðuneytið hefur fundað reglulega með Landssamtökunum Þroskahjálpar þar sem farið er yfir þau helstu mál er varða hagsmunagæslu og baráttumál samtakanna. Verið er að skipuleggja sambærilegt reglulegt samráð við Öryrkjabandalag Íslands.

Í liðum 1-5 hér að framan hefur verið greint frá núverandi samráði stjórnvalda og hagsmunasamtaka fatlaðra, en hér er engan veginn um tæmandi talningu að ræða.

Félagsmálaráðuneytið tekur ekki afstöðu til þeirrar tillögu til þingsályktunar sem hér um ræðir en vekur athygli á að það starf sem að framan greinir hafi reynst vel.

Fyrir hönd ráðherra


Þór G. Þórarinnsson


Óskar Páll Óskarsson